# ÁRSSKÝRSLA 2021–2022



EFLING STÉTTARFÉLAG

*Ársskýrsla Eflingar-stéttarfélags 2021–2022*
*Ritstjórar Herdís Steinarsdóttir og Rakel Pálsdóttir*
*Ábm.: Agniezska Ewa Ziółkowska*
*Umbrot og hönnun: Þorfinnur Sigurgeirsson*
*Ljósmyndir: Þórdís Erla Ágústsdóttir*
*Prentun: Litlaprent ehf.*
*Skýrsla stjórnar Eflingar-stéttarfélags er unnin að miklu leyti upp úr heimildum og gögnum félagsins, m.a. fundargerðum stjórnar Eflingar, gögnum tengdum kjarasamningum félagsins og heimildum frá stjórnum sjóða félagsins. Þá er stuðst við frásagnir og umfjöllun um félagið í tímaritum Eflingar og á heimasíðu.*

EFLING
STÉTTARFÉLAG

# EFNISYFIRLIT

Bls.

Ávarp formanns Eflingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .3
Starf stjórnar og félagsleg virkni . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .4
Þjónusta við félagsfólk . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .6
Kjaramál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . .10
Fræðsla, félags- og kynningarmál . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 12
Gildi lífeyrissjóður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 14
Fjárhagur Eflingar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 16
Samstæðuársreikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 19
Stjórn og stjórnir sjóða Eflingar-stéttarfélags . . . . . . . . .38



# ÁVARP FORMANNS EFLINGAR

Kæru félagar.

Starfsárið 2021–2022 var mér mjög lærdómsríkt, ég er þakklát fyrir lærdóminn en hugsi yfir mörgu. Framundan er stórt ár fyrir verkalýðshreyfinguna og við þurfum að standa saman í baráttunni sem bíður okkar í haust.

Ég hef mikið hugsað um virðingu og gagnrýni á undanförnum mánuðum. Mikilvægi þess að bera virðingu fyrir fólki og mikilvægi þess að taka gagnrýni. Framundan er svo sannarlega stórt og mikilvægt ár í baráttunni fyrir betri kjörum, í þessari baráttu krefjumst við þess að okkur sé sýnd sú virðing sem við höfum svo sannarlega áunnið okkur. Við gagnrýnum ekki bara atvinnurekendur heldur stjórnvöld líka sem virðast ætla að reyna allt til þess að auka ójöfnuð í landinu, til þess að auka bilið milli þeirra hæst launuðu og þeirra lægst launuðu. Þeirra sem eiga og þeirra sem eiga ekki. Við vitum hvers virði við erum og við förum fram á að atvinnurekendur viðurkenni virði okkar. Við vitum hvaða verkfæri við eigum til að berjast fyrir okkar réttindum og við erum ekki feimin við að nota þau ef þess þarf.

Nú er mikilvægt að horfa fram á við og byggja upp traust, virðingu og einingu innan Eflingar. Innbyrðis átök sem margir telja víst að hafi brotið okkur hafa í raun skilað Eflingu sem sterkara félagi sem getur sannarlega leyft félögum sínum að hafa ólíkar skoðanir og ólíka sýn. Þegar öllu er á botninn hvolft erum við félagar, við viljum öll bæta kjör verkafólks á Íslandi.

Krafa okkar um meiri jöfnuð er ekki óraunhæf og hún er ekki frekja. Aldrei virðist vera neitt svigrúm til launahækkana en þegar atvinnurekendur þurfa aðstoð þá er nóg til í þeim vasanum. Á árinu 2021 sáum við enn allar aðgerðir frá stjórnvöldum létta róður fyrirtækja, en þyngja róður launafólks. Áfram fengum við að heyra að ekki væri svigrúm fyrir okkar hóflegu launahækkunum og þurftum við að stíga fast í lappirnar og fór það svo að lífskjarasamningar héldu og launahækkanir stóðust.

Í lok árs urðu miklar breytingar á skrifstofu Eflingar og í stjórn félagsins þegar þáverandi formaður sagði af sér. Eflingarfélögum var eðlilega brugðið og höfðu margir áhyggjur af framhaldinu. Baráttan hélt áfram og var tímabilið sem tók við lærdómsríkt fyrir alla stjórnarmenn. Ég fékk þá nýtt hlutverk og fór úr stöðu varaformanns í stöðu formanns og ritari stjórnar, Ólöf Helga Adolfsdóttir, var valin af stjórn til þess að taka tímabundið að sér starf varaformanns.

Eftir þetta viðburðaríka ár stöndum við félagar í Eflingu reynslunni ríkari, við horfum til framtíðar og tökum slaginn við atvinnurekendur. Við vitum það að við sköpum verðmætin og að án okkar stoppar allt og því eigum við heimtingu á að á okkur verði hlustað.

*Agniezska Ewa Ziółkowska*
*formaður Eflingar-stéttarfélags*



# STARF STJÓRNAR OG FÉLAGSLEG VIRKNI

Ný stjórn tók við að loknum aðalfundi í byrjun maí 2021 og fundaði eftir það reglulega samkvæmt fundaráætlun. Fundir stjórnar á starfsárinu 2021–2022 voru 26 talsins og fóru yfirleitt fram í félagsheimili Eflingar eða í fundarsalnum Sókn á 4. hæð í Guðrúnartúni undir stjórn formanns. Stjórn setti sér starfsreglur þann 13. janúar 2022 og samþykkti ný fundarsköp Eflingar 27. janúar 2022. Stjórn fjallaði um fjölda mála, sendi frá sér ályktanir og fjallaði um ýmsar umbætur.

Stjórn hélt tvisvar starfsdag og voru þeir haldnir í júní og október. Á þessum dögum voru haldnar ýmsar kynningar, m.a. um lífeyrismál, fyrirtækjalýðræði, styttingu vinnuvikunnar og fleira.

Uppstillingarnefnd vann gott starf og stillti hún upp sterkum A-lista til stjórnar Eflingar. Sú nýbreytni var tekin upp að auglýsa eftir framboðum á A-lista til stjórnar Eflingar. Nefndinni bárust 28 tilnefningar. Tillaga uppstillingarnefndar var borin undir stjórn og trúnaðarráð til samþykkis og var tillaga nefndarinnar samþykkt án breytinga og ekki var um aðrar tillögur að ræða. Uppstillingarnefnd lagði í tillögum sínum áherslu á að hópar félagsmanna séu sem best endurspeglaðir með hliðsjón af aldri, uppruna, starfsgreinum, kyni auk annarra þátta.

Starfsárið litaðist mikið af Covid faraldrinum og hafði hann áframhaldandi áhrif á fundarhöld. Trúnaðarráð fundaði reglulega og að meðaltali einu sinni í mánuði. Mikið gekk á í lok ársins er formaður sagði af sér og framkvæmdastjóri skrifstofu félagsmála sagði upp. Stjórn og trúnaðarráð unnu mikla vinnu í erfiðum aðstæðum og var opinber umræða óvægin. Enn fækkaði í stjórn Eflingar þegar annar stjórnarmaður sagði af sér. Bæði stjórn og trúnaðarráð hafa dregið mikinn lærdóm af starfsárinu 2021–2022 um skyldu sína og ábyrgð.

## NÝTT FÓLK Í STJÓRN EFLINGAR

Stjórn og trúnaðarráð samþykkti þann 13. janúar tillögur uppstillingarnefndar félagsins um formann, gjaldkera og sex meðstjórnendur í félagsstjórn Eflingar- stéttarfélags. Fyrirkomulag kosninga í Eflingu er þannig að formaður og gjaldkeri ásamt sex meðstjórnarmönnum eru kosnir til tveggja ára, en á síðasta ári voru í kjöri, varaformaður, ritari og fimm meðstjórnendur. Nýir stjórnarmenn taka við á aðalfundi félagsins.

Sá listi sem stjórn og trúnaðarráð samþykktu fékk þá bókstafinn A. Eflingu bárust tveir aðrir listar sem fengu bókstafina B, leiddur af Sólveigu Önnu Jónsdóttur, og C, leiddur af Guðmundi J. Baldurssyni. Kosningar fóru fram dagana 9.–15. febrúar og hlaut B-listinn kosningu með 54% greiddra atkvæða.

Þeir sem taka sæti í stjórn félagsins eru Sólveig Anna Jónsdóttir, fyrrverandi formaður Eflingar, formaður, Ísak Jónsson hjá Grand Hótel Reykjavík, gjaldkeri, Innocentia F. Friðgeirsson hjá Landspítalanum, Kolbrún Valvesdóttir hjá heimaþjónustunni hjá Reykjavíkurborg, Michael Bragi Whalley hjá Leikskólanum Nes í Reykjavíkurborg, Olga Rún Leonsdóttir hjá Skjól hjúkrunarheimili, Sæþór Benjamín Randalsson hjá barnavistheimilinu Mánabergi hjá Reykjavíkurborg og Guðbjörg María Jósepsdóttir hjá leikskólanum Gullborg hjá Reykjavíkurborg.

## RÁÐSTAFANIR Í TÚLKA- OG ÞÝÐINGAMÁLUM

Áfram var mikil áhersla lögð á að bæta aðgengi erlendra félagsmanna að upplýsingum og þjónustu og þeim gert auðveldara að sitja fundi félagsins og taka þátt í umræðum. M.a. var horft til tungumálakunnáttu við nýráðningar og skoðaðir möguleikar í túlkaþjónustu t.d. Language line. Eins var mikil áhersla lögð á að gefa allar fréttir út á íslensku, ensku og pólsku. Hefur þetta mælst vel fyrir hjá félagsmönnum enda er rúmur helmingur félagsmanna Eflingar af erlendu bergi brotnu.

## AÐSTOÐ LÖGMANNA

Fjöldi félagsmanna leitar til skrifstofu Eflingar á hverjum degi eftir aðstoð eða stuðningi í málum sem þeir glíma við á sínum vinnustað. Kjaramálafulltrúar félagsins taka á móti fólki alla virka daga og ekki þarf að panta tíma. Lögmenn Eflingar eru til viðtals alla þriðjudaga eftir hádegi, félagsmönnum að kostnaðarlausu. Eru þeir einnig til ráðgjafar kjaramálafulltrúum en því miður er ekki alltaf hægt að leysa mál hjá kjaramálafulltrúunum og vísa þeir þá málum sínum til lögmanna félagsins. Lögmenn Eflingar eru þau Karl Ó. Karlsson og Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir frá LAG lögmönnum.

## VINNUSTAÐAEFTIRLIT

Efling stéttarfélag hefur eflt vinnustaðaeftirlit frá ári til árs. Það er mjög mikilvægt að stéttarfélag sem hefur samningsumboð í veitinga-, gisti-, ferða- og byggingageiranum sinni þessu vel.

Mikil og góð samvinna er milli stéttarfélaga enda er oft svo að á einum vinnustað geta verið félagsmenn frá mörgum mismunandi félögum.

Það er mikið um brot atvinnurekenda í þessum greinum og full ástæða til að fulltrúar félagsins láti sjá sig og eigi tal við sína félagsmenn. Auk þess að miðla upplýsingum til félaga okkar hjálpar skráningin skattayfirvöldum að berjast gegn svartri atvinnustarfsemi og öðrum stofnunum að sinna sínu hlutverki.

Samkomutakmarkanir vegna Covid faraldursins höfðu mikil áhrif á starf vinnueftirlitsins sem þó sat ekki iðjulaust heldur nýtti tímann vel í að efla tengsl milli eftirlitsfulltrúa auk þess sem mikið púður var sett í að þrengja og skilgreina betur tilgang vinnustaðaeftirlitsins. Með það að leiðarljósi fór mikil vinna í gang við að búa til góða verkferla og samræma eftirlit og eftirvinnslu. Afrakstur þeirrar vinnu var svo Handbók eftirlitsfulltrúa sem kom út árið 2021.

Vinnueftirlitið leggur ríkari áherslu á að styrkja tengsl við félagsmenn og upplýsa þá um réttindi og skyldur á vinnumarkaði auk þess sem vinnustaðaeftirlitið kynnir stéttarfélög og talar fyrir mikilvægi þeirra.

Árið 2021 fór vinnustaðaeftirlit Eflingar á 140 vinnustaði og ræddi við rúmlega 400 starfsmenn.

Framundan er spennandi ár og er mikill baráttuandi í okkar félagsmönnum. Fráfarandi stjórn þakkar félagsmönnum fyrir samvinnuna og óskar nýrri stjórn velfarnaðar.



# ÞJÓNUSTA VIÐ FÉLAGSFÓLK

## ÞJÓNUSTUSTEFNA

Efling-stéttarfélag ætlar að veita framúrskarandi þjónustu í samræmi við tilgang félagsins um að efla og styðja hag félagsmanna.

**Markmið þjónustustefnunnar:**

- Að samskipti við félagsmenn séu fagleg með virðingu fyrir félagsmanninum að leiðarljósi ásamt almennri kurteisi og vingjarnlegu viðmóti.
- Að leggja áherslu á að þjónusta sé framkvæmd innan skilgreindra tímamarka og í samræmi við væntingar félagsmanna.
- Að samræmi sé í veittri þjónustu innan Eflingar.
- Að tryggja starfsfólki viðeigandi fræðslu um framkvæmd þjónustu.
- Að hagnýta stafræna þjónustu til að auka skilvirkni og einfalda aðgengi.
- Að upplifun félagsmanns frá upphafi til enda þjónustunnar sé góð.
- Að lögð sé áhersla á menningarlæsi og að þjónustan verði aðgengileg á fleiri tungumálum en íslensku.

*Uppbygging þjónustusviðs er með eftirfarandi hætti:*

| ÞJÓNUSTUSVIÐ | HELSTU VERKEFNI |
|---|---|
| **Móttaka** | Starfsfólk móttöku tekur á móti félagsmönnum sem koma á skrifstofur félagsins í Guðrúnartúni 1 og Hveragerði, ásamt því að svara fyrirspurnum í síma, vefspjalli og tölvupósti. |
| **Sjúkrasjóður** | Starfsfólk sjúkrasjóðs tekur á móti félagsmönnum sem sækja um sjúkradagpeninga, afgreiðir allar styrksumsóknir og greiðir út sjúkradagpeninga og styrki úr sjúkrasjóði. |
| **Fræðslusjóður** | Starfsfólk fræðslusjóðs afgreiðir og greiðir út stofnanastyrki og einstaklingsstyrki úr fræðslusjóði. |
| **Orlofssjóður** | Starfsfólk orlofssjóðs sér um gerð leigusamninga og bókanir orlofshúsa ásamt því að sjá um sölu á ferðaávísunum, Veiði- og Útilegukortum. |
| **VIRK ráðgjafar** | VIRK ráðgjafar aðstoða félagsmenn við endurhæfingu eftir veikindi og/eða slys og styðja félagsmenn við að komast aftur út á vinnumarkað. |

## SKIPULAGSBREYTINGAR

Þjónustufulltrúar sjúkra- og fræðslusjóðs voru sameinaðir í nýtt teymi styrkja og sjúkradagpeninga í október sl. Markmið með breytingunum var að efla þjónustu við félagsfólk, auka sérfræðiþekkingu starfsmanna og búa til öflugt teymi. Í upphafi árs færðust þjónustufulltrúar í orlofssjóði yfir í sameinað Orlofs- og fasteignasvið.

## MÍNAR SÍÐUR

Þjónustugáttin Mínar síður var formlega opnuð þann 2. mars 2021. Innskráning er með rafrænum skilríkjum og þar geta félagsmenn Eflingar sótt rafrænt um styrki í sjúkra- og fræðslusjóði ásamt því að fylgjast með innsendum umsóknum og stöðu á þeim. Einnig geta þeir skoðað iðgjaldasögu sína í félaginu aftur í tímann og komist inn á bókunarvef orlofshúsa. Efling er afar stolt af þessu verkefni og telur mikilvægt að geta boðið félagsfólki upp á að sækja rafrænt um styrki og vera í gagnkvæmum tengslum við félagið í gegnum Mínar síður.

Á árinu 2022 verður haldið áfram að þróa Mínar síður. Í næstu uppfærslu kemur söluvefur fyrir ferðaávísanir og Útilegu- og Veiðikort. Seinna á þessu ári er áætlað að þróa inn tengingu við málaskráningarkerfið með áherslu á örugg skjalaskipti og rafrænar undirskriftir.

Viðtökur á Mínum síðum hafa verið vonum framar. Á síðasta ári voru í hverjum mánuði yfir 8.600 heimsóknir sem gera að meðaltali um 400 heimsóknir hvern virkan dag. Þjónustugáttin er sérstaklega þróuð fyrir notkun á snjalltækjum og eru yfir 55% heimsókna úr snjallsíma. Mikil aukning hefur verið í heimsóknum á fyrstu mánuðum nýs árs sem gefur til kynna að félagsfólk vill nýta stafræna þjónustu og geta sótt sér þjónustu þegar þeim hentar best.

## HEIMSÓKNIR Á SKRIFSTOFU EFLINGAR 2021

Í móttöku Eflingar er afgreiðslukerfi þar sem félagsmenn velja sér viðeigandi þjónustu. Hægt er að velja um þrjú tungumál á þjónustuskjá; íslensku, ensku og pólsku.

Vegna Covid-19 og samkomutakmarkana í samfélaginu var móttaka Eflingar lokuð fram til 26.maí 2021 og hafði þá verið lokuð frá 5. október 2020. Eflingarfélagar og starfsfólk skrifstofunnar eiga hrós skilið fyrir það hversu vel gekk að halda uppi þjónustunni þrátt fyrir lokanir.

### Fjöldi heimsókna á skrifstofu Eflingar á árinu 2021




Mikil fækkun var í heimsóknum milli ára sem skýrist bæði af samkomutakmörkunum en einnig af góðum viðtökum á Mínum síðum þar sem félagsmenn geta sótt stafræna þjónustu.

### Hlutfall þjónustutegunda og heildarfjölda heimsókna 2021




Yfir 40% Eflingarfélaga velja „styrki og annað" og fá þjónustu frá móttökufulltrúum. Fjöldi félagsmanna kemur á skrifstofuna til að ræða við þjónustufulltrúa sjúkrasjóðs eða 21% og alls koma 22% til að hitta kjaramálafulltrúa á Kjaramálasviði Eflingar.

## SÍMSVÖRUN Á SKRIFSTOFU EFLINGAR

Þegar félagsmenn Eflingar hringja í aðalnúmer stéttarfélagsins svarar móttakan fyrirspurnum eða áframsendir símtöl til viðeigandi starfsmanna innan skrifstofunnar. Hægt er að velja beint samband við sjúkrasjóð, fræðslusjóð og orlofssjóð þegar hringt er í aðalnúmerið. Hér má sjá fjölda þeirra símtala sem starfsfólk skrifstofunnar svaraði og hringdi út til félagsmanna á síðasta ári samanborið við árið á undan.

## Fjöldi símtala á skrifstofu Eflingar 2020 og 2021




Símtölum hefur fækkað um 15% milli ára og sýnir sig að félagsmenn hafa nýtt Mínar síður vel frá opnun þeirra síðasta vor.

## SJÚKRASJÓÐUR

### Sjúkradagpeningar

Árið 2021 fengu 929 félagsmenn greidda sjúkradagpeninga og nam heildarupphæð þeirra 787 milljónum króna. Greiðslur vegna sjúkradagpeninga lækkuðu um 4,5% á milli ára og fjöldi styrkþega dróst saman um rúmlega 1%. Af þeim sem fengu dagpeninga voru rétt rúmur helmingur konur.

### Styrkir

Árið 2021 voru greiddir úr sjúkrasjóði 9.163 styrkir til 5.475 félagsmanna. Alls voru greiddar tæplega 184 milljónir í styrki og hækkuðu greiðslur um rúm 17% á milli ára. Líkamsræktarstyrkur var algengasta tegund styrkja, þar á eftir styrkur vegna viðtalsmeðferða sem hefur aukist um 28% milli ára. Flestir styrkþegar voru á aldrinum 20–39 ára og nýttu fleiri konur en karlar sér styrki sjúkrasjóðs.

## Greiðslur styrkja 2020 og 2021




Við opnun á Mínum síðum var innleidd ný styrktegund sem ber heitið forvarnarstyrkur. Í forvarnarstyrk sameinuðust styrkir vegna krabbameinsskoðana, áhættumats, svefngríma, göngugreiningar og greiningar lesblindu. Um 25% lækkun milli ára var í þessum flokki sem skýrist að miklu leiti af tilfærslu krabbameinsskoðunar yfir til heilsugæslunnar og lækkun á kostnaði fyrir þá skoðun.

## FRÆÐSLUSJÓÐUR

Árið 2021 voru greiddir 4.536 styrkir til 3670 félagsmanna, sem er svipaður fjöldi og árið á undan. Greiddar voru alls 268 milljónir kr. árið 2021 miðað við 244 milljónir kr. árið 2020 og hefur því heildarupphæð styrkja hækkað um 9,8% milli ára. Vegna afleiðinga heimsfaraldursins var framlengd til 1. maí 2022 hækkun á hlutfalli endurgreiðslu úr 75% í 90%.

Í nóvember á síðasta ári var hægt að sækja um fræðslustyrki í gegn um Mínar síður sem einfaldar umsóknarferlið til muna. Margir nýta snjallsímann til að sækja um styrki í gegnum Mínar síður, taka mynd af pappírs kvittunum og hala þeim upp sem fylgiskjölum og senda með rafrænum hætti.

## ORLOFSSJÓÐUR

Starfsárið hefur markast mjög af uppbyggingu orlofshverfis í Stóra fljóti í Bláskógabyggð. Það metnaðarfulla verkefni hefur verið í undirbúningi um langt árabil og er nú komið á enda, húsin komin í notkun og njóta fádæma vinsælda félagsmanna.

Segja má að allur þungi starfsemi Orlofssjóðs hafi verið á þessu verkefni undanfarin ár enda um flest óvenjulegt og einstakt að eiga þess kost að byggja upp svo glæsilegt svæði á okkar eigin landi og aðeins fyrir félagsmenn Eflingar. Þessi stóra framkvæmd mun vissulega breyta landslagi orlofsmála hjá Eflingu og auka vægið í málaflokknum á Suðurlandi.

### Rekstur

Orlofshús stéttarfélaganna er verulegur þáttur í starfsemi þeirra og oft fyrstu kynni félagsmanna af félaginu sínu. Við teljum því mikilvægt að allt starf í kringum húsin sé unnið af fagmennsku og með það að leiðarljósi að mæta kröfum félagsmanna sem allra best.

Það er ekki eingöngu gert með að byggja ný hús því stór hluti orlofshúsanna eru af eldri gerð og nokkur vel yfir 50 ára gömul. Það er stórt verkefni að halda þeim öllum í fyrsta flokks ástandi enda eru hús Eflingar 67 talsins og staðsett um allt land.

Viðhald eldri húsanna er verkefni allt árið um kring og á liðnu starfsári var stærsta einstaka framkvæmdin

endurbætur nokkurra húsa félagsins í Ölfusborgum en á undaförnum árum hafa þau tekið stakkaskiptum bæði hvað varðar ytra byrði og einnig innanhúss. Efling á alls 10 hús þar og eru það einmitt elstu hús félagsins og eiga sér afar merka og skemmtilega sögu.

Í miðjum Borgarfirði er orlofsbyggðin Svignaskarð en jörðina á Orlofssjóður Eflingar og þar eru 19 orlofshús í eigu félagsins. Þar hafa verið miklar framkvæmdir á síðustu árum, m.a. við að fjölga húsum í byggðinni í samstarfi við önnur félög sem þar eiga einnig hús.

Má segja að á þessu fallega landi liggi framtíð félagsins í orlofsmálum og möguleikar þar miklir.

Nú eru hafnar viðamiklar framkvæmdir við raðhúsin á Akureyri og undirbúningur í gangi við verulegar endurbætur á orlofshúsum í Flókalundi, á Illugastöðum og Einarsstöðum. Verður þungamiðja viðhaldsverkefna á þeim stöðum á næstu mánuðum.

### Þjónusta

Starfsemi Orlofssjóðs snýst um fjölmargt fleira en orlofshús og framboð þeirra.

Af öðrum kostum sem í boði eru má nefna Útilegu- og Veiðikort á sérlega góðum kjörum til félagsmanna auk gjafabréfa hjá Icelandair og Úrval Útsýn svo og Gistiafslætti þegar ferðast er innanlands.

Eftirspurn eftir þessari þjónustu hefur aukist mjög og hefur verið bætt í þennan þátt ár frá ári.

Síðustu misseri hafa verið fordæmalaus vegna ástandsins af völdum Covid. Það sést m.a. í gríðarlega mikilli ásókn í orlofshús og þrátt fyrir mikla fjölgun húsa er fjarri lagi að náðst hafi að mæta eftirspurninni. Er nú svo komið að flest hús eru bókuð 4 til 8 vikur fram í tímann og ekki að sjá að dragi úr ásókn á næstunni. Áætlanir eru uppi um að hraða frekari fjölgun húsa og mun það sjást á auknu framboði á þessu ári.

Alls voru félagsmenn sem fengu orlofshús um 3500 á árinu 2021 auk um 1000 sem fengu afgreidd kort og ferðaafslætti. Þannig fá um 4500 félagar beina þjónustu sjóðsins auk þúsunda sem fá afgreiðslu á skrifstofu eða í síma.

Útleiga húsa eykst milli ára um a.m.k. 30% og mikil áskorun að bregðast við.

Þá var farin dagsferð um Borgarfjörð sem 65 tóku þátt í en löng hefð er fyrir slíkum ferðum síðsumars. Helstu náttúruperlur svæðisins voru rækilega skoðaðar og að venju var endað í veglegu súpuhlaðborði. Mikil ánægja var meðal ferðalanga með daginn sem tókst í alla staði vel.

## VIRK RÁÐGJAFAR HJÁ EFLINGU

VIRK ráðgjafar hjá Eflingu á árinu 2021 voru átta talsins. Hlutverk þeirra er að aðstoða félagsmenn Eflingar og styðja þá í endurhæfingu og endurkomu á vinnumarkað eftir veikindi eða slys.

Aldursdreifing þeirra félagsmanna Eflingar sem sækja sér þjónustu hjá VIRK er í samræmi við aldurssamsetningu félagsins, þar sem félagsmenn Eflingar eru flestir á aldrinum 20–39 ára. Sérhver ráðgjafi VIRK þjónustar á bilinu 35–40 einstaklinga á hverjum tíma. Þjónustan er einstaklingsbundin og sniðin að persónulegum þörfum hvers og eins. Óhætt er að segja að þessi þjónusta sé gríðarlega verðmæt bæði fyrir einstaklingana sjálfa og samfélagið í heild sinni, þar sem einstaklingar eru studdir aftur út á vinnumarkað eftir líkamlegan og/eða andlegan heilsubrest.

### Góður árangur hjá VIRK ráðgjöfum Eflingar

Ráðgjafar VIRK hjá Eflingu útskrifuðu 209 þjónustuþega á árinu 2021. Yfir helmingur þjónustuþega voru skráðir með framfærslu í vinnu, í virkri atvinnuleit eða í lánshæfu námi við lok þjónustu sem verður að teljast góður árangur.

Hver og einn einstaklingur getur verið með fleiri en eina tegund framfærslu og er framfærslunni því varpað fram sem hlutfall stöðugilda. Af myndinni má sjá að um 45% stöðugilda Eflingarfólks í lok þjónustu hjá VIRK árið 2021 voru tilkomin vegna launa á vinnumarkaði.

**Framfærsla Eflingarfólks við lok þjónustu hjá VIRK árið 2021 – Hlutfall stöðugilda**




Allar nánari upplýsingar um þjónustu VIRK má finna á heimasíðunni www.virk.is.




# KJARAMÁL

Á Kjaramálasviði Eflingar starfa 12 manns auk sviðsstjórans Ingólfs Björgvin Jónssonar. Sviðið hefur stækkað á síðasta ári og er full þörf fyrir því í takt við aukna eftirspurn félagsmanna og er sviðið að efla sig til að standa betur að þjónustu til þeirra sem leita til sviðsins.

Á sviðinu starfa einstaklingar af fimm þjóðernum og var sviðið styrkt með ráðningu þriggja starfsmanna sem eflir það í þjónustu til erlenda félagsmanna sem sækja í auknum mæli til kjaramálasviðs. Starfsmenn sviðsins tala flestir tvö eða fleiri tungumál eins og pólsku, litháísku, spænsku, rússnesku og ensku svo eitthvað sé nefnt en innan félagsins eru einnig aðrir starfsmenn sem tala önnur tungumál og hafa þeir verið fengnir til aðstoðar eftir þörfum og getu í túlkun til að veita sem besta þjónustu fyrir félagsmenn hverju sinni.

Starfsmenn og sviðsstjóri höfðu í mörg horn að líta á liðnu starfsári. Verkefnin sneru m.a. að verklagi starfsmanna af ýmsum toga, t.a.m. uppsetningu og notkun nýs skjala- og málakerfis sem varð virkt í janúar 2022 og eru öll mál sem koma á borð kjaramálasviðs skráð þar í dag. Með kerfinu verður því hægt að greina og skoða betur hvers eðlis málin eru hverju sinni og í hvaða atvinnugeirum þau koma helst upp. Einnig verður hægt að sjá og halda betri skráningu um í hvaða fyrirtækjum trúnaðarmenn eru starfandi og hvað þeir hafa verið lengi kjörnir trúnaðarmenn.

## UMFANGSMIKIL STARFSEMI

Fjöldinn allur af málum kom inn á borð kjaramálafulltrúa eða samtals 30 fyrirvaralausar uppsagnir á árinu 2021 en málafjöldinn fór í 699 mál á árinu 2021. Álagið varð það mikið að ekki tókst að vinna öll þau mál sem komu inn á borð hjá kjaramálasviðinu jafnt og þétt eins og vant er. Forgangsraða þurfti þeirri þjónustu sem veitt var til félagsmanna á þann veg að veita sem bestar upplýsingar þegar kom að uppsögnum, hlutabótaleiðinni sem ríkisstjórnin setti á laggirnar og eins að standa vörð um réttindi félagsmanna sem fór í úrræðið *Hefjum störf*. Þar komu upp ákveðnir ágallar þar sem félagsmenn okkar voru sviptir bóta-

rétti ef þeir neituðu störfum en höfðu engu að síður undir höndum málefnaleg rök fyrir neituninni eins og að reyna átti að borga þeim undir lágmarkstöxtum Eflingar stéttarfélags en það kom upp í ótal skipti. Upplýsingar frá Vinnumálastofnun voru til að byrja með af skornum skammti. Efling lokaði aðgengi að skrifstofu félagsins fyrir félagsmenn í ljósi þeirra fjöldatakmarkanna sem settar voru af ríkinu og þurfti sviðið þá að nýta allar þær leiðir sem færar voru á þessum tíma og var það síminn og einnig tölvupóstur sem varð aðalsamskiptaleið sviðsins á þessum tíma.

Frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2021 þá tóku kjaramálafulltrúar Eflingar á móti 5.414 tölvupóstum í gegnum netfangið kjaramal@efling.is. Þessar tölur eru ekki tæmandi þar sem starfsmenn sviðsins fengu líka óhemju magn af tölvupóstum beint á sitt vinnunetfang. Á árinu 2021 bárust inn til sviðsins samtals 9.932 símtöl, það er fækkun upp á tæp 2.000 símtöl miðað við árið 2020. Heimsóknir á skrifstofu félagsins til kjaramálasviðs voru 1.259 talsins þrátt fyrir að skrifstofan var lokuð vegna Covid-19 frá janúar til maí á síðasta ári.

Þrátt fyrir fordæmalausa tíma náðu starfsmenn sviðsins að sinna kennslu á trúnaðarmannanámskeiðum Eflingar annars vegar í eigin persónu og hins vegar í gegnum fjarfundarbúnað, einnig náðist að fara með fræðslu til nemenda í framhaldsskólum líkt og sérfræðingar Eflingar hafa gert í áraraðir.

Starfsmenn kjaramálasviðs og formaður Eflingar sitja í innanhús nefnd sem sinnir einnig þeirri mikilvægu vinnu að fara yfir atvinnuleyfi sem félaginu berast og veita þeim umsögn um hvort farið sé eftir ákvæðum kjarasamninga um laun og önnur atriði. Eflingu barst frá Vinnumálastofnun samtals 623 atvinnuleyfi árið 2021 sem eru 171 leyfi meira en í hitteðfyrra, en þá voru þau 452. Aukningin er mestmegnis tengd hjúkrunarstörfum hjá okkar félagsmönnum.

## FJÖLBREYTT MÁL

Margvísleg mál komu til kasta Kjaramálasviðs á starfsárinu. Þar er hægt að nefna 30 fyrirvaralausar uppsagnir sem eru 90 færri en voru 2020 en það skýrist mest af því að við urðum fyrst vör við afleiðingar af Covid-19 árið 2020. Margar þeirra enduðu í svokölluðu launakröfuferli, þ.e.a.s. að félagið þurfti að innheimta laun á uppsagnarfresti fyrir viðkomandi félagsmann þar sem hann fékk ekki vinnu hjá vinnuveitanda á uppsagnarfrestinum og var þar með ólöglega sagt upp störfum.

Á árinu aðstoðaði sviðið 699 einstaklinga með formlegum hætti sem er fækkun upp á tæp 400 miðað við árið á undan. Kjaramálasviðið aðstoðaði félagsmenn með margvísum hætti eins og með bréfaskriftum og/eða útreikningum á hvort að laun væru röng eða öðru sem varðar möguleg önnur réttindabrot annað en launakröfur og voru það samtals 351 félagsmaður sem leitaði til sviðsins, sem var fjölgun upp á rúmlega 50 miðað við 2020.

Lögmönnum félagsins voru falin 72 mál til frekari innheimtu upp á 54 milljónir en það er 260 málum færri en var árið 2020. Alls fóru 7 mál til lögmanna vegna gjaldþrota fyrirtækja upp á rétt rúmar 8 milljónir sem var umtalsverð lækkun miðað við árið á undan en þar voru málin 121 upp á 116,6 milljónir sem sneri að vangoldnum launum vegna gjaldþrota fyrirtækja. Í þeim tilvikum er málum fylgt eftir til skiptastjóra og í framhaldi af því ef ekkert fæst úr þrotabúi er þeim vísað til Ábyrgðarsjóðs launa. Hjá lögmannsstofunni innheimtust kröfur upp á 204,6 milljónir tæpar og af því var greitt úr Ábyrgðarsjóði launa rúmar 161 milljón.

Í vinnslu hjá kjaramálasviði eru 12 mál og búið var að reikna þar kröfur upp á 21,4 milljónir. Á heildina litið sendi kjaramálasvið frá sér samtals 169 launakröfur sem er fækkun upp á 276 miðað við árið á undan. Heildar upphæð launakrafanna sem sendar voru frá starfsmönnum kjaramálasviðs voru upp á 104,6 milljónir en árið 2020 voru þær 326.000.000 kr. í útsendar kröfur.

Þessi mikla sveifla á þessum fjölda og lækkun á upphæðum kemur svo greinilega í ljós í kjölfarið á Covid-19 sem er nú senn vonandi á enda.

Starfsmenn kjaramálasviðs fengu 15.325.976 kr. greiddar upp í kröfur sem sendar voru út á árinu 2021 og er það athyglisvert að það er rétt tæp 15% af heildarkröfum sem sviðið sendi frá sér. Þetta hlutfall gæti verið hærra ef launaþjófnaður yrði gerður refsiverður skv. lögum. Fyrirtæki fengu mun meiri hvata til að leiðrétta laun strax áður en til kasta lögmanna og jafnvel dómstóla kæmi ef þetta lagaákvæði væri til.

Á þessu svo skrítna en jafnframt lærdómsríka ári náði sviðið að aðstoða tæplega 700 félagsmenn með sín erindi og voru þeir af 46 þjóðernum.



# FRÆÐSLA, FÉLAGS- OG KYNNINGARMÁL

## FRÆÐSLA OG VIÐBURÐIR

Þróun fræðslumála hefur haldið áfram með hliðsjón af þörfum félaga og áherslu stjórnar. Þar ber hæst stofnun Vitans – skóla Eflingar og þróun svokallaðrar Almennrar brautar innan skólans. Markmið skólans er að vekja Eflingarfélaga til vitundar um stéttabaráttu, áhrifamátt fjöldans og einstaklinga til að ýta undir jöfnuð og aðrar jákvæðar samfélagsbreytingar. Áætlað var að fara af stað með almennu brautina í nóvember. Vegna óvæntrar afsagnar formanns þurfti að fresta því en verkefnið er enn til og standa vonir til að hægt verði að koma því af stað aftur haustið 2022.

Vikulegu fræðsluviðburðirnir Drop-inn héldu áfram á vorönn 2021. En um var að ræða ýmsa fræðslu og fyrirlestra fyrir félagsmenn sem streymt var beint á facebooksíðu félagsins. Fjallað var um ýmis málefni, til að mynda fjölmenningu á vinnumarkaði, atvinnulýðræði, hlutabætur, ráðningastyrki, þjónustu Mímis og tækifæri til náms svo eitthvað sé nefnt.

Fagnámskeiðin sem haldin eru í samstarfi við Mími voru á sínum stað og ýmis réttindanámskeið á borð við skattanámskeið og starfslokanámskeið auk trúnaðarmannanámskeiða í fjórum hlutum sem Félagsmálaskóli alþýðu heldur utan um ásamt starfsfólki Eflingar.

Þá fóru kjaramálafulltrúar og félagsfulltrúar Eflingar reglulega í framhaldsskóla með fræðslu þegar reglur vegna samkomutakamarkana leyfðu.

Haustið 2021 var lagt upp með að halda mánaðarleg fræðslukvöld í Félagsheimili Eflingar. Dagskráin hófst í október með viðburðinum Okkar á milli þar sem fjórar Eflingarkonur af erlendum uppruna röktu sögu sína og sögðu frá tilveru sinni á Íslandi í óformlegu spjalli. Að því loknu var opnað fyrir spurningar og umræður með þátttöku áheyrenda. Síðan var boðið upp á jólabókaupplestur þar sem höfundar nýútgefinna bóka komu og lásu úr verkum sínum. Fleiri urðu fræðslukvöldin því miður ekki vegna samkomutakmarkana en ætlunin er að taka upp þráðinn næsta haust.

Árlegir viðburðir á borð við 1. maí kaffi, jólaball og kaffiboð eldri Eflingarfélaga féllu niður vegna samkomutakmarkana en í desember efndi Efling eins og árið áður til jólabingós í beinu streymi þar sem fjölmargir Eflingarfélagar tóku þátt og gátu unnið glæsilega vinninga.

Í september 2021 tók til starfa kór Eflingar. Allir félagsmenn eru velkomnir í kórinn og voru kóræfingar haldnar vikulega á miðvikudögum undir stjórn Jóhönnu V. Þórhallsdóttur. Kórstarfið heppnaðist gríðarlega vel og tróð kórinn upp á jólahlaðborði starfsmanna Eflingar við góðar undirtektir.

## TRÚNAÐARMANNAKERFIÐ

Unnið hefur verið markvisst að því að fjölga trúnaðarmönnum og efla fræðslu og samskipti. Í framhaldi af vinnu sem fór af stað 2020 var farið í átak til að tryggja að þær starfsgreinar og stærstu vinnustaðir með Eflingarfélögum séu dekkuð með trúnaðarmönnum. Verkefnið er til þess ætlað að efla grasrótina í félaginu fyrir kjaraviðræður í haust, bæði með tengslum við sem breiðastan hóp og með því að gefa trúnaðarmönnum tækifæri á fleiri trúnaðarstörfum fyrir félagið, eins og að sitja í samninganefnd.

33 nýir trúnaðarmenn voru kosnir á árinu 2021 og 15 endurkosnir. Nú eru trúnaðarmenn 252 talsins.

Á vordögum 2021 var farið í samfélagsmiðlaherferð um mikilvægi trúnaðarmanna. Átakinu var ætlað að vekja athygli á störfum trúnaðarmanna, hlutverki þeirra og mikilvægi þess að hafa trúnaðarmann á vinnustöðum. Herferðin fór vel af stað og var í formi mynda og upplýsinga auk stuttra myndbanda með viðtölum við trúnaðarmenn.

Vorfundur trúnaðarmanna fór fram þann 26. maí á Zoom. Könnun var send til trúnaðarmanna áður til að kanna hvaða fræðslu þeir höfðu mestan áhuga á að fá. Flest svörin sneru að jákvæðum samskiptum og ofbeldislausum samskiptum og í kjölfarið var Ragnheiður Aradóttir frá PROevents fengin til að halda fyrirlestur og stýra vinnusmiðju þar sem tekin voru fyrir jákvæð samskipti, hagnýting jákvæðrar sálfræði, samskipti til árangurs, sjálfstraust ofl. sem nýtist trúnaðarmönnum í hlutverki sínu.

## ÚTGÁFA

Fræðslublað Eflingar kom út síðasta haust að venju og hafði að geyma gagnlegar upplýsingar um nám og námskeið handa félagsmönnum Eflingar. Sú nýjung var gerð í ár að hafa Orlofsblað Eflingar á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku en hingað til hafa blöðin komið út á íslensku og ensku.

Kjarafréttir komu út með jöfnu millibili og vöktu athygli á mikilvægum réttindamálum láglaunafólks, s.s. húsnæðismálum, hvernig vaxta- og barnabætur hafa lækkað og hækkun lífeyristökualdurs sem kemur sérstaklega illa við Eflingarfélaga. Eins komu ársfjórðungsskýrslur kjaramálasviðs út eins og venja er en þær veita góða innsýn inn í ástandið á vinnumarkaðnum á hverjum tíma fyrir sig.

Í tengslum við samfélagsmiðlaherferð um mikilvægi trúnaðarmanna var gefinn út bæklingur fyrir trúnaðarmenn um þeirra helstu réttindi. Jafnframt hefur staðið yfir vinna við gerð bæklinga um kjör hópbifreiðastjóra og starfsfólks á hótelum og veitingastöðum og er nú þegar búið að prenta íslensku og ensku útgáfurnar en bæklingarnir verða prentaðir á fleiri tungumálum þegar þýðingar berast í hús.

## KANNANIR MEÐAL FÉLAGSFÓLKS

Efling leggur mikla áherslu á að fá sjónarmið og áherslur félagsfólks fram og einn liður í þeirri viðleitni er að senda út kannanir þar sem spurt er um ýmis málefni. Sendar voru út kannanir til Eflingarfélaga hjá Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ um styttingu vinnuvikunnar og til trúnaðarmanna þar sem leitast var eftir hvers konar námskeið þeir myndu vilja fara á. Þá var send út könnun til allra félagsmanna til að kanna þörf og áhuga á fræðslu sem þeir myndu vilja sækja til Eflingar svo eitthvað sé nefnt.

## RAFRÆN MIÐLUN

Uppbygging rafrænna miðla Eflingar hélt áfram á árinu. Facebooksíða félagsins bætir stöðugt við sig fylgjendum og Instagramsíða Eflingar er í örum vexti. Ný glæsileg heimasíða Eflingar var síðan sett í loftið síðasta sumar. Nýja síðan er aðgengilegri og notendavænni en sú sem var og er þrítyngd en allt efni hennar er á íslensku, ensku og pólsku.

Í hlaðvarpi Eflingar, Radíói Eflingu, var tekið á ýmsum brýnum málum verkalýðsbaráttunnar og er þar finna áhugaverð viðtöl við félagsfólk. Hlaðvarpþættirnar koma út á um tveggja mánaða fresti.

## SAGT UPP Í MIÐJUM VIÐRÆÐUM UM RÉTTINDAMÁL

Þann 20. ágúst 2021 rak Icelandair ehf. trúnaðarmann félagsmanna Eflingar í hlaðdeild á Reykjavíkurflugvelli, Ólöfu Helgu Adolfsdóttur, óvænt úr starfi. Uppsögnin kom á sama tíma og Ólöf var í viðræðum við fyrirtækið, m.a. með milligöngu lögmanns og kjaramálasviðs Eflingar, um réttindamál starfsfólks. Í kjölfarið hóf Efling með Ólöfu í broddi fylkingar mikla baráttu og krafðist þess að Ólöf yrði endurráðin.

Stjórn Eflingar fjallaði um málið og lýsti fullum stuðningi við hana og málið var rætt á fundi Miðstjórnar Alþýðusambandsins 15. september og á fundi trúnaðarráðs Eflingar þann 16. september. Samþykkti trúnaðarráð yfirlýsingu sem Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar sendi Boga Nils Bogasyni forstjóra Icelandair þann 20. september. Bogi svaraði þann 30. september og hafnaði því að uppsögnin yrði dregin til baka.

Trúnaðarmenn og félagsfólk í Eflingu úr öllum starfsgreinum komu saman við Reykjavíkurflugvöll 15. október til að sýna samstöðu með Ólöfu. Þá bárust fjölmargar stuðningsyfirlýsingar frá öðrum stéttarfélögum.

Þann 19. október stefndi ASÍ fyrir hönd Starfsgreinasambandsins, vegna Eflingar Samtökum Atvinnulífsins fyrir hönd Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Icelandair fyrir Félagsdóm vegna uppsagnar Ólafar Helgu og fór fram að uppsögn Ólafar yrði dæmd ólögmæt. Í febrúar 2022 staðfesti hæstiréttur svo úrskurð Félagsdóms þar sem frávísunarkröfu Icelandair var hafnað. Málið er því aftur komið í hendur Félagsdóms.



# GILDI-LÍFEYRISSJÓÐUR 2021

## STARFSEMI GILDIS-LÍFEYRISSJÓÐS Á ÁRINU 2021

Ávöxtun samtryggingardeildar Gildis var mjög góð á árinu 2021 þar sem hrein nafnávöxtun nam 17,8% sem þýddi raunávöxtun upp á 12,4%. Hrein eign sjóðsins í árslok var 916 milljarðar króna og hækkaði um 152 milljarða á milli ára. Góð ávöxtun sjóðsins á árinu 2021 er fyrst og fremst borin uppi af innlendum og erlendum hlutabréfum og erlendum framtakssjóðum. Innlend skuldabréf skiluðu einnig góðri ávöxtun á árinu sem og flestir aðrir eignaflokkar, að undanskildum erlendum skuldabréfum og erlendum skammtímasjóðum.

Rekstrarkostnaður sjóðsins á árinu nam samtals 1.154 milljónum kr. en var 1.056 millj. kr. á árinu 2020. Heildarlaunagreiðslur námu 700 millj. kr., þar af námu laun stjórnar, endurskoðunarnefndar og framkvæmdastjóra 62,6 millj. kr.

Starfsmenn sjóðsins voru 41 í árslok 2021 samanborið við 39 starfsmenn í lok árs 2020. Stöðugildi voru 39,9 á árinu 2021 en 39,5 á árinu 2020 og fjölgaði því um 0,4 milli ára.

## STAÐA Í ÁRSLOK EFTIR DEILDUM

Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir; samtryggingardeild, séreignardeild og tilgreinda séreignardeild. Hrein eign samtryggingardeildar til greiðslu lífeyris nam 908.474 millj. kr. í árslok 2021 og hækkaði á árinu um 150.847 millj. kr. en hrein eign séreignardeildar nam 6.997 millj. kr. í árslok 2021. Tilgreind séreignardeild var stofnuð 1. júlí 2017 og nam hrein eign hennar í lok ársins samtals 620,3 millj. kr. Innan tilgreindrar séreignardeildar eru þrjár ávöxtunarleiðir sem eru þær sömu og í séreignardeild sjóðsins.

**Hrein nafn- og raunávöxtun**

| | HREIN NAFNÁVÖXTUN | HREIN RAUNÁVÖXTUN |
|---|---|---|
| Samtryggingardeild | 17,8% | 12,4% |
| Framtíðarsýn 1 | 16,8% | 11,4% |
| Framtíðarsýn 2 | 11,8% | 6,6% |
| Framtíðarsýn 3 | 4,9% | 0,0% |

## LÍFEYRISGREIÐSLUR OG IÐGJÖLD

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu alls 21.004 milljónum kr., en voru 19.269 millj. kr. árið 2020. Ellilífeyrir nam 13.488 millj. kr., örorkulífeyrir 6.198 millj. kr., makalífeyrir 1.055 millj. kr. og barnalífeyrir 177 millj. kr. Tímabundin útgreiðsla séreignar nam 86 millj. kr. Hjá samtryggingardeild voru ellilífeyrisþegar 16.711, örorkulífeyrisþegar 6.702, makalífeyrisþegar 2.024 og 1.066 fengu greiddan barnalífeyri. Heildarfjöldi lífeyrisþega var 26.503.

Á árinu 2021 greiddu 6.747 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir 52.859 sjóðfélaga. Iðgjaldagreiðslur námu samtals 35.875 millj. kr. Sjóðfélagar með réttindi í samtryggingardeild voru 251.920 í árslok og rétthafar í séreignardeild sjóðsins 36.985. Þar af áttu 744 sjóðfélagar réttindi í tilgreindri séreign.

## COVID-19

Útbreiðsla Covid-19 hafði nokkur áhrif á starfsemi Gildis á árinu 2021. Stjórnendur sjóðsins þurftu nokkrum sinnum að grípa til þess ráðs að loka skrifstofum fyrir viðskiptavinum en einnig var starfsfólki nokkrum sinnum skipt í tvo til fjóra hópa þar sem hluti vann heima meðan aðrir stóðu vaktina á skrifstofunni.

Þar sem faraldurinn gekk í bylgjum var þetta eitt af því sem var í stöðugri skoðun og staðan metin nánast dag frá degi í ljósi þess að draga úr áhættu á smitum á skrifstofum sjóðsins. Engu að síður tókst starfsfólki að halda úti nánast fullri þjónustu enda bæði starfsmenn og viðskiptavinir búnir að aðlagast yfirstandandi ástandi. Útbreiðsla faraldursins hafði einnig áfram áhrif á efnahag heimsins og verðþróun á verðbréfamörkuðum. Drjúgur tími sérfræðinga sjóðsins í eignastýringu, stjórnenda og stjórn sjóðsins fór í að fylgjast með stöðu mála. Áhrifin voru þó minni á markaði og efnahagskerfi heimsins en árið áður.

## ÖRORKULÍFEYRIR

Örorkulífeyrisgreiðslur eru sem fyrr hátt hlutfall lífeyrisgreiðslna sjóðsins og með því hæsta sem þekkist hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Til þess að jafna stöðu lífeyrissjóða vegna mismunandi örorkubyrði hafa lífeyrissjóðir fengið úthlutað framlagi frá ríkinu sem greiðist af tryggingagjaldi. Gildi hefur nýtt framlagið til þess að hækka réttindi lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga. Framlagið nam rúmlega 1.973 millj. kr. á árinu 2021 og voru réttindi hækkuð um 4% á þeim grundvelli. Stjórn sjóðsins telur að framlagið sé ekki nægilega hátt og skiptingin ekki nægilega vel útfærð til að jafna stöðu lífeyrissjóða með mismikla örorkubyrði.

## TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT

Tryggingafræðileg úttekt var gerð á stöðu samtryggingardeildar sjóðsins miðað við árslok 2021. Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 20.140 millj. kr. eða um 1,4% og versnaði um 2,7% milli ára. Veikari staða skýrist af innleiðingu nýrra lífslíka sem hækka skuldbindingar sjóðsins, en í úttektinni voru í fyrsta sinn notaðar nýjar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga sem gera ráð fyrir að dánartíðni fari lækkandi í framtíðinni. Miðað er við reynslu áranna 1999-2018 við útreikning spárinnar. Þessi aðferð veldur því að skuldbindingar sjóðsins reiknast talsvert hærri en áður. Eins og áður er reiknað með sértæku álagi á dánarlíkur út frá staðalforsendum, aðlagað miðað við reynslu sjóðfélaga Gildis á árunum 2014-2018. Þá er einnig miðað við sértækar örorkulíkur fyrir sjóðinn.

Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 1,4% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Áfallin staða er jákvæð um 12,9%, en framtíðarstaðan er hins vegar neikvæð um 12,6% og því nauðsynlegt að grípa til mótvægisaðgerða til þess að leiðrétta þá stöðu. Að mati tryggingastærðfræðings sjóðsins þarf að lækka aldurs-háðu réttindatöfluna svo hún byggi á nýju lífslíkunum. Það þýðir að ný réttindatafla þarf að vera um 10% lægri að meðaltali en núgildandi réttindatafla til að setja framtíðarstöðu sjóðsins í jafnvægi. Stjórn sjóðsins mun leggja fyrir ársfund sjóðsins í apríl tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins til þess að mæta auknum skuldbindingum vegna hækkandi lífaldurs.

## SJÓÐFÉLAGALÁN

Árið 2021 veitti sjóðurinn alls 1.202 ný sjóðfélagalán að fjárhæð 20.653 milljóna kr. Um talsverða fjölgun lána er að ræða í fjölda lána milli ára og lánsupphæðin hækkaði jafnframt, en árið áður voru veitt 987 lán að fjárhæð 14.460 millj. kr. Bæði fjöldi lána og fjárhæðir voru á árinu 2021 mjög sambærileg því sem var árið 2019.

Talsverðar breytingar urðu á lánakjörum sjóðsins og lánareglum á árinu 2021. Í lok janúar var veðhlutfall lána hækkað í 75% en það hafði verið 70% um nokkurra missera skeið. Á sama tíma var tilkynnt um vaxtalækkun til að bregðast við lækkun vaxta á markaði. Þegar leið á árið fóru vextir á Íslandi almennt hækkandi og þann 5. ágúst hækkuðu óverðtryggðir vextir sjóðsins um tíu punkta. Þegar leið á árið var tilkynnt um tvær vaxtabreytingar til viðbótar þar sem óverðtryggðir vextir voru hækkaðir um leið og verðtryggðir vextir sjóðsins lækkuðu.

## ERLENDAR FJÁRFESTINGAR

Stefna Gildis og hluti af áhættustýringu sjóðsins er að eiga vel dreift eignasafn sem ekki byggir eingöngu á íslenska hagkerfinu. Fjárfestingareignir sjóðsins í erlendri mynt námu 319.851 millj. kr. í árslok 2021 og jukust um 34.047 millj. kr. frá fyrra ári. Sjóðurinn seldi erlend verðbréf fyrir 20.760 millj. kr. umfram þau sem hann keypti á árinu 2021. Samhliða sölu erlendra eigna og styrkingar krónunnar á árinu lækkaði hlutfall fjárfestingareigna sjóðsins í erlendri mynt úr 39,2% í ársbyrjun í 36,3% í árslok.

Gildi hefur sett sér markmið um frekari fjárfestingar erlendis á komandi árum, með áherslu á að auka við fjölbreytni í eignadreifingu innan erlendra eignaflokka. Með því móti er jafnframt dregið úr áhættu innan Íslands. Hefur sjóðurinn væntingar um auknar heimildir íslenskra lífeyrissjóða til fjárfestinga erlendis á komandi árum en samkvæmt núgildandi lögum má vægi erlendra eigna ekki fara umfram 50%.

Í fjárfestingarstefnu setur sjóðurinn sér markmið um hlutfall eigna í erlendum gjaldmiðlum. Markmið sjóðsins fyrir samtryggingardeild gerir ráð fyrir að vægi eigna í erlendri mynt verði aukið í 39% á árinu 2022. Á sama tíma er markmið um vægi erlendra eigna séreignaleiða sjóðsins heldur lægra eða 26% hjá Framtíðarsýn 1, 18% hjá Framtíðarsýn 2 og 0% hjá Framtíðarsýn 3.



# FJÁRHAGUR EFLINGAR 2021

Ársreikningur Eflingar samanstendur af samstæðureikningi sjö sjóða Eflingar en þeir eru: Félagssjóður, Vinnudeilusjóður, Fræðslusjóður, Sjúkrasjóður, Styrktarsjóður, Endurhæfingarsjóður og Orlofssjóður. Samstæðureikningurinn er fremst í ársreikningnum en yfirlit sjóðanna sjö eru í töflum aftar í reikningnum.

## REKSTUR OG AFKOMA

Afkoma ársins 2021 var umtalsvert betri en árið á undan. Iðgjaldatekjur ársins námu 2,4 milljörðum króna og jukust um 12,9% en þær drógust saman um 6,7% milli 2019 og 2020. Rekstrargjöld lækkuðu milli ára um 435 milljónir eða um 15,2% en útgreiðslur úr Vinnudeilusjóði námu 461 milljón króna árið á undan og að teknu tilliti til þeirra hækka rekstrargjöld um 26,7 milljónir eða um 1,1%. Tekjur umfram gjöld fyrir fjármagnsliði námu 209 milljónum króna en var neikvæð um 516 milljónir árið áður. Fjármagnsliðir ársins námu 334 milljónum samanborið við 467 milljónir árið á undan. Afkoma ársins nam 543 milljónum króna en var neikvæð um 48 milljónir króna árið áður.

## ÁVÖXTUN

Hrein eign félagsins í árslok 2021 var kr. 13.518,8 milljónir og hækkaði um kr. 547,6 milljónir á milli ára. Nafnávöxtun eigin fjár reiknast jákvæð um 4,2% á árinu 2021 samanborið við neikvæða nafnávöxtun um -1,5% árið á undan. Hrein raunávöxtun eigin fjár, sem tekur mið af hækkun neysluvísitölu upp á 4,84%, reiknast neikvæð um -0,59% á árinu 2021 samanborið við neikvæða raunávöxtun -4,81% árið á undan. Raunávöxtun eignasafns félagsins á árinu 2021 reiknast neikvæð upp á -0,93% samanborið við 0,51% jákvæða raunávöxtun árið 2020. Með eignasafni félagsins er átt við alla verðbréfaeign félagsins ásamt bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

## EIGIÐ FÉ

Eiginfjárstaða Eflingar er sterk, eignir félagsins eru að mestu leyti bundnar í traustum skuldabréfum, bundnum bankainnstæðum, orlofshúsum, fasteignum og lóðum. Heildareignir félagsins eru tæpir 14 milljarðar króna. Skuldir nema 411 milljónum króna og er eigið fé félagsins því 13,5 milljarðar króna í árslok 2021.

## FÉLAGSMENN

Greiðandi félagsmenn á árinu 2021 voru 37.979 eða 851 fleiri en árið áður. Af þeim voru 20.910 karlar og 17.069 konur. Þar sem sumir greiða einungis hluta úr ári reiknast meðalfjöldi þeirra sem greiddu til Eflingar á árinu 26.058.

## LAUNAGREIÐENDUR

Fjöldi launagreiðenda sem greiða í félagið fyrir starfsmenn sína var 3.621 á árinu 2021 samanborið við 3.318 árið áður.

## FÉLAGSSJÓÐUR

Iðgjöld félagssjóðs eru 0,7% af öllum launum. Af þeim iðgjöldum renna 15% í Vinnudeilusjóð og 6% í Fræðslusjóð.

Eigið fé félagssjóðs nam tæpum 2,3 milljörðum króna í árslok 2021 og hækkaði um 0,75% á árinu.

## VINNUDEILUSJÓÐUR

Í Vinnudeilusjóð renna 15% af iðgjöldum félagssjóðs og má því segja að 0,1% af öllum launum renni í hann.

Eigið fé Vinnudeilusjóðs nam tæpum 3 milljörðum króna í árslok 2021 og hækkaði um 7,4% á árinu.

## FRÆÐSLUSJÓÐUR

Í Fræðslusjóð renna 6% af innheimtum iðgjöldum félagssjóðs og má því segja að 0,04% af öllum launum renni í hann.

Eigið fé Fræðslusjóðs nam um 204 milljónum króna í árslok 2021 og breyttist ekki á árinu.

## SJÚKRASJÓÐUR

Umsamin iðgjöld í Sjúkrasjóð eru framlag launagreiðenda upp á 0,75% til 1%.

Eigið fé Sjúkrasjóðs nam 5,9 milljörðum króna í árslok 2021 og hafði aukist um 3,3% á árinu.

## STYRKTARSJÓÐUR

Iðgjöld Styrktarsjóðs er 5% framlag af innheimtum iðgjöldum úr Sjúkrasjóði. Bætur og styrkir úr sjóðnum árið 2021 námu 160% af iðgjaldatekjum og námu 104% árið á undan.

Eigið fé Styrktarsjóðs nam 150 milljónum króna í árslok 2021 og lækkaði um 20% frá upphafi ársins.

## ENDURHÆFINGARSJÓÐUR

Rekstur þessarar deildar hjá Eflingu er ein af lykilstoðum í því stóra verkefni að draga úr örorkubyrði meðal félagsmanna. Aðsókn vegna starfsendurhæfingar hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og eru líkur á að þessi starfsemi geti dregið úr útgreiðslum úr sjúkrasjóðum og lífeyrissjóðum.

Deild þessi er ekki rekin með sjóðsöfnun í huga.

## ORLOFSSJÓÐUR

Umsamin iðgjöld Orlofssjóðs er 0,25%–0,33% framlag launagreiðenda. Auk þess hefur Orlofssjóður tekjur af útleigu orlofshúsa.

Eigið fé Orlofssjóðs sem er að stórum hluta bundið í orlofshúsum og orlofsbyggðum nemur 2 milljörðum króna í árslok 2021 og hækkaði um 10% á árinu.

# SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR
## 2021

EFNISYFIRLIT

| | Bls. |
|---|---|
| Áritun óháðra endurskoðenda | 20–21 |
| Skýrsla stjórnar | 22 |
| Samstæðureikningur | 23–34 |
| Samandreginn reikningur | 35–37 |

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

**Til stjórnar og félagsmanna Eflingar-stéttarfélags**

## ÁLIT

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Eflingar-stéttarfélags fyrir árið 2021. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

## GRUNDVÖLLUR FYRIR ÁLITI

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Eflingu stéttarfélagi í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## ÁBYRGÐ STJÓRNAR OG FORMANNS Á SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGNUM

Stjórn og formaður eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Stjórn og formaður eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og formaður ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Eflingar-stéttarfélags. Ef við á, skulu stjórn og formaður setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og formaður hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## ÁBYRGÐ ENDURSKOÐANDA Á ENDURSKOÐUN SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGSINS

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við samstæðuársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogur, 28. mars 2022

**Deloitte ehf.**

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson
endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir félagslega kjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið þennan samstæðuársreikning og með tilvísun til áritunar endurskoðanda félagsins leggjum við til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 28. mars 2022

Andrea Jóhanna Helgadóttir

Leó Reynir Ólason

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Samstæðuársreikningur Eflingar-stéttarfélags fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða.

Tekjur umfram gjöld á árinu 2021 nema kr 543.110.646 Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 13.929.671.724, bókfært eigið fé í árslok er kr. 13.518.797.747 og er eiginfjárhlutfall félagsins 97,05%.

Stjórn félagsins vísar í samstæðuársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun ársins.

Megin hlutverk Eflingar-stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa og veikindarétti, orlofsmálum og í fræðslumálum. Efling-stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölþætta þjónustu á þessum sviðum.

Það er álit stjórnar Eflingar-stéttarfélags að í samstæðuársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn Eflingar-stéttarfélags staðfestir hér með samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2022

### Í STJÓRN

Agnieszka Ewa Ziólkowska
**Stjórnarformaður**

Eva Ágústsdóttir
Felix Kofi Adjahoe
Guðmundur J. Baldursson
Innocentia Fiati
Jóna Sveinsdóttir
Kolbrún Valvesdóttir
Michael Bragi Whalley
Ólöf Helga Adolfsdóttir
Stefán E. Sigurðsson
Úlfar Snæbjörn Magnússon
Zsófia Sidlovits
Saviour De-Graft Ametefio

Linda Dröfn Gunnarsdóttir
**Framkvæmdastjóri**

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 2.430.019.099 | 2.151.651.313 |
| Leiga á orlofshúsum | | 73.866.031 | 52.624.163 |
| Aðrar tekjur | 3 | 126.399.974 | 136.371.118 |
| | | 2.630.285.104 | 2.340.646.594 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Iðgjöld og skattar | | 132.464.495 | 132.229.355 |
| Bætur og styrkir | | 975.749.529 | 1.452.820.343 |
| Rekstur orlofshúsa | | 148.612.225 | 136.905.544 |
| Annar kostnaður orlofssjóðs | | 6.778.086 | 7.156.768 |
| Námskeið félagsmanna | | 6.479.345 | 4.354.823 |
| Kynningar og markaðsmál | | 64.066.405 | 76.145.886 |
| Fundir, útgáfa og ferðir félagsmanna | | 22.595.192 | 21.327.651 |
| Kostnaður v/kjarasamninga | | 638.600 | 30.160.310 |
| Skráningarþjónusta iðgjalda | | 93.612.846 | 84.032.375 |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 692.828.346 | 675.414.869 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 223.193.285 | 189.516.930 |
| Afskriftir fastafjármuna | 9 | 54.566.525 | 46.163.822 |
| | | 2.421.584.879 | 2.856.228.676 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | 208.700.225 | (515.582.082) |
| Fjármunatekjur | 6 | 183.181.736 | 179.765.508 |
| Fjármagnsgjöld | 7 | (3.860.644) | (6.606.186) |
| Gengisbreyting verðbréfa | 8 | 255.066.922 | 377.358.768 |
| Fjármagnstekjuskattur | 17 | (99.977.593) | (83.098.857) |
| **Tekjur umfram gjöld** | | 543.110.646 | (48.162.849) |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Orlofshús | 9 | 1.611.091.574 | 1.414.693.445 |
| Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi | 10 | 408.378.496 | 437.355.929 |
| Áhöld, tæki og innréttingar | 10 | 93.546.337 | 39.546.687 |
| Veitumannvirki Hvammi | 10 | 3.212.959 | 3.212.959 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 11 | 100.000 | 100.000 |
| Skuldabréfaeign og verðbréfasjóðir | 12 | 5.652.359.844 | 5.277.373.075 |
| Bundnar innstæður | 13 | 5.315.591.191 | 5.262.743.560 |
| | | 13.084.280.401 | 12.435.025.655 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi iðgjöld | 14 | 440.717.769 | 354.863.388 |
| Viðskiptakröfur | 15 | 19.424.182 | 14.552.856 |
| Aðrar skammtímakröfur | 15 | 13.930.192 | 31.642.808 |
| Handbært fé | 15 | 371.319.181 | 527.195.702 |
| | | 845.391.323 | 928.254.754 |
| **Eignir** | | 13.929.671.724 | 13.363.280.409 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

| | Skýr. | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 16 | | |
| Sérstakur endurmatsreikningur | | 258.085.039 | 253.560.460 |
| Óráðstafað eigið fé | | 13.260.712.708 | 12.717.602.062 |
| Eigið fé | | 13.518.797.747 | 12.971.162.522 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Reiknaður fjármagnstekjuskattur | 17 | 237.048.227 | 211.439.415 |
| | | 237.048.227 | 211.439.415 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Aðrar skammtímaskuldir | 18 | 173.825.750 | 180.678.472 |
| | | 173.825.750 | 180.678.472 |
| Skuldir | | 410.873.977 | 392.117.887 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 13.929.671.724 | 13.363.280.409 |

# YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Tekjur umfram gjöld | | 543.110.646 | (48.162.849) |
| Afskriftir | 10 | 54.566.525 | 46.163.822 |
| Hækkun (lækkun), skuldbindinga | | 25.608.812 | (5.884.133) |
| Verðbætur og gengismunur af eignum og skuldum | | (259.925.851) | (360.567.198) |
| **Veltufé frá (til) rekstri** | | 363.360.132 | (368.450.358) |
| Rekstrartengdar eignir, hækkun, (lækkun) | | (73.013.090) | 34.170.313 |
| Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) hækkun | | (6.852.722) | 29.721.222 |
| **Handbært fé (til), frá rekstri** | | 283.494.320 | (304.558.823) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir (keyptir) | 10 | (271.462.292) | (410.983.134) |
| Skuldabréf seld | | 257.739.242 | 337.906.259 |
| Afborganir skuldabréfa | | 241.270.324 | 266.458.544 |
| Verðbréf (keypt) | | (614.070.484) | (362.401.737) |
| Bundnar bankainnstæður (hækkun) lækkun | | (52.847.631) | 172.847.572 |
| | | (439.370.841) | 3.827.504 |
| Lækkun handbærs fjár | | (155.876.521) | (300.731.319) |
| Handbært fé í upphafi árs | | 527.195.702 | 827.927.021 |
| Handbært fé í lok árs | | 371.319.181 | 527.195.702 |

# SKÝRINGAR

## 1. STARFSEMI

Efling-stéttarfélag var stofnað í desember 1998 og tók til starfa um áramótin 1999. Félagsmenn eru um 28.000. Aðalskrifstofa félagsins er að Guðrúnartúni 1 í Reykjavík. Skrifstofan á Suðurlandi er að Breiðamörk 19 í Hveragerði. Efling-stéttarfélag er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík.

Meginhlutverk Eflingar-stéttarfélags er að vinna að gerð kjarasamninga, túlka þá félagsmönnum í hag, byggja upp réttindi í sjóðum fyrir félagsmenn og verja réttindi þeirra í kjarasamningum og vinnudeilum, gagnvart slysa- og veikindarétti, orlofs-málum og í fræðslumálum. Efling-stéttarfélag veitir félagsmönnum sínum fjölþætta þjónustu á þessum sviðum.

## 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR

### Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningur Eflingar-stéttarfélags er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskila-reglur að undanskildum kröfum um framsetningu bundinna eiginfjárreikninga þar sem um félagasamtök er að ræða. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Skráning tekna

Iðgjöld eru tekjufærð við greiðslu byggðar á skilagreinum frá Gildi lífeyrissjóði sem hefur umsjón með innheimtu iðgjalda félagsins.

Leigutekjur af orlofsbústöðum eru tekjufærðar við greiðslu.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upp-haflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutdeild Orlofssjóðs í sameiginlegri eign orlofsbyggða er reiknuð af hreinni eign orlofsbyggðanna í árslok 2020. Orlofshús eru tilfærð á gildandi fasteignamatsverði í árslok 2021.

Veitumannvirkið í Hvammi er metið á kaupverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir miða við 10 ára endingartíma.

### Skattamál

Efling-stéttarfélag er undanþegið skattskyldu og greiðir engan tekjuskatt en félagið greiðir fjármagnstekjuskatt.

## 2. REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR (FRAMHALD)

### Verðbréf

Verðbréf, önnur en hlutabréf, sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur bréf eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi. Hlutabréf eru eignfærð á upphaflegu kaupverði.

### Óinnheimt iðgjöld

Óinnheimt iðgjöld eru færð á nafnverði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. AÐRAR TEKJUR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Húsaleigutekjur | 16.485.207 | 37.029.139 |
| Þóknun frá Virk | 107.436.593 | 99.241.979 |
| Aðrar tekjur | 2.478.174 | 100.000 |
| | 126.399.974 | 136.371.118 |

## 4. LAUN OG ANNAR STARFSMANNAKOSTNAÐUR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Laun | 554.084.524 | 541.355.548 |
| Lífeyrissjóður | 78.778.760 | 76.040.381 |
| Önnur launatengd gjöld | 49.850.240 | 49.602.886 |
| Annar starfsmannakostnaður | 10.114.822 | 8.416.054 |
| | 692.828.346 | 675.414.869 |
| Stöðugildi að meðaltali | 57 | 55 |

## 5. ANNAR REKSTARKOSTNAÐUR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Endurskoðun og uppgjör (Deloitte ehf.) | 9.063.198 | 8.145.018 |
| Bókhaldsaðstoð og launavinnsla (Deloitte ehf.) | 4.789.769 | 3.966.048 |
| Lögfræðileg aðstoð vegna kjaramála | 55.006.090 | 41.133.185 |
| Sérfræðikostnaður | 6.824.319 | 7.882.389 |
| Bifreiðakostnaður, leigubílar og sendibílar | 1.929.899 | 319.447 |
| Pappír, prentun, tímarit, símakostnaður og burðargjöld | 12.153.433 | 11.328.100 |
| Rekstur tölvukerfis | 37.693.029 | 29.948.088 |
| Námskeið starfsmanna | 1.003.866 | 1.826.761 |
| Ráðningarkostnaður starfsmanna | 4.497.802 | 5.567.575 |
| Viðhald áhalda | 1.928.942 | 2.283.332 |
| Rekstur mötuneytis | 13.672.080 | 11.091.605 |
| Blóm og gjafir | 35.295 | 130.607 |
| Hreinlætisvörur, hreingerningar, sorpa og annar kostnaður | 17.628.938 | 15.220.806 |
| Húsaleiga og annar fasteignakostnaður | 57.459.773 | 51.791.949 |
| Hluti Starfsafls í rekstri | (493.148) | (1.117.980) |
| | 223.193.285 | 189.516.930 |

## 6. FJÁRMUNATEKJUR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 167.644.318 | 169.236.467 |
| Vaxtatekjur af félagsgjöldum og iðgjöldum | 7.844.723 | 8.820.241 |
| Vaxtatekjur af öðrum skammtímakröfum | 5.511.095 | 0 |
| Arður | 2.181.600 | 1.708.800 |
| | 183.181.736 | 179.765.508 |

## 7. FJÁRMAGNSGJÖLD

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Þóknun vegna verðbréfakaupa | (1.587.596) | (3.947.377) |
| Önnur vaxtagjöld | (2.273.048) | (2.658.809) |
| | (3.860.644) | (6.606.186) |

## 8. GENGISBREYTING VERÐBRÉFA

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Vextir og gengismunur af verðbréfaeign | 255.066.922 | 377.358.768 |
| | 255.066.922 | 377.358.768 |

## 9. ORLOFSBYGGÐIR OG ORLOFSHÚS

| | Bókfært verð |
|---|---|
| **Eignarhlutdeild í orlofsbyggðum** | |
| Orlofsbyggðin Ölfusborgum | 27.740.031 |
| Orlofsbyggðin Illugastöðum | 5.043.327 |
| Orlofsbyggðin Flókalundi | 4.598.906 |
| Orlofsbyggðin Svignaskarði | 15.486.223 |
| | 52.868.487 |
| **Orlofshús Eflingar** | |
| Ölfusborgir 10 hús | 163.101.087 |
| Illugastaðir 2 hús | 25.500.000 |
| Svignaskarð 17 hús | 331.890.000 |
| Svignaskarð/Fróðhús, jarðir ásamt byggingum og íbúðarhúsi í Skarði | 80.842.000 |
| Einarsstaðir 3 hús | 40.200.000 |
| Akureyri 4 íbúðir, 3 raðhús | 192.300.000 |
| Hvammur 1 hús ásamt sumarbústaðalöndum | 75.820.000 |
| Flókalundur 2 hús | 13.340.000 |
| Úthlíð 2 hús | 42.260.000 |
| Kirkjubæjarklaustur 2 hús | 29.600.000 |
| Borgarsel | 15.250.000 |
| Stykkishólmur | 33.650.000 |
| Brekkuskógur 3 hús | 81.500.000 |
| Hellishólar | 37.050.000 |
| Hólmavík | 13.800.000 |
| | 1.176.103.087 |
| **Jörð** | |
| Stóra-Fljót | 382.120.000 |
| | 382.120.000 |
| Orlofsbyggðir og orlofshús samtals | 1.611.091.574 |

| | Fasteignir og lóðir |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 1.414.693.445 |
| Eignfært á árinu | 191.873.550 |
| Matsbreytingin ársins skv. Fasteignamati ríkisins | 4.524.579 |
| Staða í árslok | 1.611.091.574 |

## 10. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

| | Fasteignir og lóðir | Áhöld, tæki og innréttingar | Veitumannvirki Hvammi | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 784.354.127 | 117.391.555 | 32.129.589 | 933.875.271 |
| Eignfært á árinu | 0 | 79.588.742 | 0 | 79.588.742 |
| Staða í árslok | 784.354.127 | 196.980.297 | 32.129.589 | 1.013.464.013 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 346.998.198 | 77.844.868 | 28.916.629 | 453.759.695 |
| Afskrift ársins | 28.977.433 | 25.589.092 | 0 | 54.566.525 |
| Staða í árslok | 375.975.631 | 103.433.960 | 28.916.629 | 508.326.220 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 437.355.929 | 39.546.687 | 3.212.959 | 480.115.576 |
| Bókfært verð í árslok | 408.378.496 | 93.546.337 | 3.212.959 | 505.137.793 |
| Afskriftarhlutföll | 0-4% | 12-33% | 10% | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátrygginga-mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Iðnó 28,33% eignarhluti | 46.333.715 | 219.260.035 | 2.122.606 |
| Lóð að Vonarstræti 3, 28,33% eignarhluti | 23.655.550 | 0 | 11.859.397 |
| Breiðamörk 19 | 35.130.000 | 73.450.000 | 48.351.649 |
| Breiðamörk 19, lóð | 7.170.000 | 0 | 0 |
| Guðrúnartún 1 | 744.550.000 | 1.452.500.000 | 346.044.844 |
| Guðrúnartún, lóð | 181.750.000 | 0 | 0 |
| | 1.038.589.265 | 1.745.210.035 | 408.378.496 |

## 11. EIGNARHLUTAR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Kaupfélag Árnesinga svf. B-deild, nv. kr. 100.000, hlutdeild 0,1% | 100.000 | 100.000 |
| | 100.000 | 100.000 |

## 12. SKULDABRÉFAEIGN OG VERÐBRÉFASJÓÐIR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Verðbréfasjóðir** | | |
| Sjóðir hjá Landsbanka Íslands hf. | 2.018.237.625 | 711.332.789 |
| Sjóðir hjá Arion banka hf. | 762.034.233 | 728.572.711 |
| Sjóðir hjá Íslandsbanka hf. | 453.291.700 | 431.955.724 |
| Sjóðir hjá Íslensk verðbréf hf. | 150.128.290 | 0 |
| | 3.383.691.848 | 1.871.861.224 |
| **Skuldabréf skráð á markaði:** | | |
| Skuldabréf með ábyrgð ríkisins | 1.715.211.779 | 2.820.849.454 |
| Skuldabréf lánastofnana | 638.793 | 675.347 |
| Skuldabréf sveitafélaga | 551.794.526 | 582.548.716 |
| | 2.267.645.098 | 3.404.073.517 |
| **Önnur skuldabréf** | | |
| Önnur skuldabréf | 1.022.898 | 1.438.334 |
| | 1.022.898 | 1.438.334 |
| | 5.652.359.844 | 5.277.373.075 |

## 13. BUNDNAR INNSTÆÐUR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Bundnar innistæður - Landsbanki | 3.016.876.860 | 3.011.019.329 |
| Bundnar innistæður - Íslandsbanki | 1.033.783.175 | 1.024.000.017 |
| Bundnar innistæður - Arion banki | 1.264.931.156 | 1.227.724.214 |
| | 5.315.591.191 | 5.262.743.560 |

## 14. ÚTISTANDANDI IÐGJÖLD

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Útistandandi iðgjöld | 440.717.769 | 354.863.388 |
| | 440.717.769 | 354.863.388 |

## 15. AÐRAR PENINGALEGAR EIGNIR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Viðskiptakröfur** | | |
| Innlendar viðskiptakröfur | 19.424.182 | 14.552.856 |
| | 19.424.182 | 14.552.856 |

## 15. AÐRAR PENINGALEGAR EIGNIR (FRAMHALD)

### Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Virk Endurhæfingarsjóður | 8.941.812 | 8.750.097 |
| Ýmsar aðrar kröfur | 4.988.380 | 22.892.711 |
| | 13.930.192 | 31.642.808 |

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Veltureikningar Landsbankinn hf. | 276.990.976 | 427.453.292 |
| Gjaldeyrisreikningur Landsbankinn hf. | 7.751.657 | 8.198.016 |
| Veltureikningar Íslandsbanki hf. | 155.295 | 123.456 |
| Gjaldeyrisreikningar Íslandsbanki hf. | 848.371 | 897.237 |
| Veltureikningar Arion banki hf. | 85.407.882 | 90.391.701 |
| Sjóður | 165.000 | 132.000 |
| | 371.319.181 | 527.195.702 |

## 16. EIGIÐ FÉ

| | Endurmats-reikningur | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2020 | 401.552.748 | 12.765.764.911 | 13.167.317.659 |
| Endurmat fastafjármuna | (147.992.288) | 0 | (147.992.288) |
| Gjöld umfram tekjur | 0 | (48.162.849) | (48.162.849) |
| Eigið fé 1.1.2021 | 253.560.460 | 12.717.602.062 | 12.971.162.522 |
| Endurmat fastafjármuna | 4.524.579 | 0 | 4.524.579 |
| Tekjur umfram gjöld | 0 | 543.110.646 | 543.110.646 |
| Eigið fé 31.12.2021 | 258.085.039 | 13.260.712.708 | 13.518.797.747 |

## 17. REIKNAÐUR FJÁRMAGNSTEKJUSKATTUR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 211.439.415 | 217.323.548 |
| Greiddur fjármagnstekjuskattur á árinu | (74.368.781) | (88.982.990) |
| Breytingar á skuldbindingu vegna reiknaðs fjármagnstekjuskatts | 99.977.593 | 83.098.857 |
| Staða í árslok | 237.048.227 | 211.439.415 |

## 18. AÐRAR PENINGALEGAR SKULDIR

| | 31.12.2021 | 31.12.2020 |
|---|---|---|
| **Aðrar skammtímaskuldir** | | |
| Ógreiddur rekstrarkostnaður | 173.825.750 | 180.678.472 |
| | 173.825.750 | 180.678.472 |

## 19. SAMÞYKKI SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGS

Samstæðuársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 28. mars 2022.

## SAMANDREGINN REKSTRARREIKNINGUR ÁRIÐ 2021

| | Félags-sjóður | Sjúkra-sjóður | Orlofs-sjóður | Vinnudeilu-sjóður | Fræðslu-sjóður | Endur hæfingar-sjóður | Styrktar sjóður Eflingar | Milli-færslur | Samstæða 31.12.2021 | Samstæða 31.12.2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | | |
| Iðgjöld | 740.215.383 | 1.093.103.042 | 346.699.674 | 138.328.840 | 55.331.538 | 0 | 56.340.622 | | 2.430.019.099 | 2.151.651.313 |
| Leiga á orlofshúsum | 0 | 0 | 73.866.031 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 73.866.031 | 52.624.163 |
| Aðrar tekjur | 1.671.336 | 14.813.871 | 2.478.174 | 0 | 0 | 107.436.593 | 0 | | 126.399.974 | 136.371.118 |
| | 741.886.719 | 1.107.916.913 | 423.043.879 | 138.328.840 | 55.331.538 | 107.436.593 | 56.340.622 | 0 | 2.630.285.104 | 2.340.646.594 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | | | | |
| Iðgjöld og skattar | 132.464.495 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 132.464.495 | 132.229.355 |
| Bætur og styrkir | 4.275.500 | 881.213.133 | 0 | 0 | 0 | 0 | 90.260.896 | | 975.749.529 | 1.452.820.343 |
| Rekstur orlofshúsa | 0 | 0 | 148.612.225 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 148.612.225 | 136.905.544 |
| Annar kostnaður orlofssjóðs | 0 | 0 | 6.778.086 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 6.778.086 | 7.156.768 |
| Námskeið félagsmanna | 6.140.640 | 0 | 0 | 0 | 338.705 | 0 | 0 | | 6.479.345 | 4.354.823 |
| Kynningar og markaðsmál | 27.485.471 | 9.154.497 | 15.857.312 | 0 | 11.569.125 | 0 | 0 | | 64.066.405 | 76.145.886 |
| Fundir, útgáfa og ferðir félagsmanna | 22.067.877 | 0 | 520.585 | 0 | 6.730 | 0 | 0 | | 22.595.192 | 21.327.651 |
| Kostnaður v/kjarasamninga | 638.600 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 638.600 | 30.160.310 |
| Skráningarþjónusta iðgjalda | 37.391.878 | 38.512.860 | 16.671.608 | 0 | 445.892 | 148.625 | 441.983 | | 93.612.846 | 84.032.375 |
| Laun og launatengd gjöld | 465.888.448 | 44.209.257 | 48.144.282 | 0 | 34.197.531 | 97.854.945 | 2.533.883 | | 692.828.346 | 675.414.869 |
| Annar rekstrarkostnaður | 106.684.156 | 56.160.003 | 23.405.118 | 6.894.998 | 11.977.264 | 14.951.835 | 3.119.911 | | 223.193.285 | 189.516.930 |
| Afskriftir fastafjármuna | 13.666.618 | 39.316.998 | 1.544.345 | 0 | 0 | 38.564 | 0 | | 54.566.525 | 46.163.822 |
| | 816.703.683 | 1.068.566.748 | 261.533.561 | 6.894.998 | 58.535.247 | 112.993.969 | 96.356.673 | 0 | 2.421.584.879 | 2.856.228.676 |
| Tekjur umfram gjöld fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | (74.816.964) | 39.350.165 | 161.510.318 | 131.433.842 | (3.203.709) | (5.557.376) | (40.016.051) | | 208.700.225 | (515.582.082) |
| **Fjármagnsliðir** | | | | | | | | | | |
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum og félagsgjöldum | 49.885.441 | 69.990.498 | 15.658.412 | 36.952.163 | 7.398.562 | 0 | 3.296.660 | | 183.181.736 | 179.765.508 |
| Vextir og gengismunur af verðbréfaeign | 59.907.860 | 132.886.915 | 2.937.426 | 59.738.400 | (403.679) | 0 | 0 | | 255.066.922 | 377.358.768 |
| Önnur vaxtagjöld | (1.759.562) | (368.687) | (1.481.841) | (247.755) | (2.799) | 0 | 0 | | (3.860.644) | (6.606.186) |
| Fjármagnstekjuskattur | (16.270.343) | (51.170.179) | (2.954.061) | (25.131.412) | (3.726.331) | 0 | (725.267) | | (99.977.593) | (83.098.857) |
| | 91.763.396 | 151.338.547 | 14.159.936 | 71.311.396 | 3.265.753 | 0 | 2.571.393 | 0 | 334.410.421 | 467.419.233 |
| **Tekjur umfram gjöld** | 16.946.432 | 190.688.712 | 175.670.254 | 202.745.238 | 62.044 | (5.557.376) | (37.444.658) | 0 | 543.110.646 | (48.162.849) |

## SAMANDREGINN EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

| | Félags-sjóður | Sjúkra-sjóður | Orlofs-sjóður | Vinnudeilu-sjóður | Fræðslu-sjóður | Endur hæfingar-sjóður | Styrktar sjóður Eflingar | Milli-færslur | Samstæða 31.12.2021 | Samstæða 31.12.2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **EIGNIR** | | | | | | | | | | |
| **Fastafjármunir** | | | | | | | | | | |
| Orlofshús | 0 | 0 | 1.611.091.574 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 1.611.091.574 | 1.414.693.445 |
| Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi | 62.333.652 | 346.044.844 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 408.378.496 | 437.355.929 |
| Innréttingar og áhöld | 38.572.263 | 46.516.036 | 8.281.286 | 0 | 0 | 176.752 | 0 | | 93.546.337 | 39.546.687 |
| Veitumannvirki Hvammi | 0 | 0 | 3.212.959 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 3.212.959 | 3.212.959 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 100.000 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 100.000 | 100.000 |
| Skuldabréfaeign og verðbréfasjóðir | 828.443.374 | 3.061.198.618 | 62.068.645 | 1.650.606.527 | 50.042.680 | 0 | 0 | | 5.652.359.844 | 5.277.373.075 |
| Bundnar innstæður | 1.132.803.829 | 2.253.974.460 | 240.221.340 | 1.367.666.636 | 178.950.693 | 0 | 141.974.233 | | 5.315.591.191 | 5.262.743.560 |
| | 2.062.253.118 | 5.707.733.958 | 1.924.875.804 | 3.018.273.163 | 228.993.373 | 176.752 | 141.974.233 | 0 | 13.084.280.401 | 12.435.025.655 |
| **Veltufjármunir** | | | | | | | | | | |
| Útistandandi iðgjöld | 167.165.573 | 211.076.059 | 62.476.137 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 440.717.769 | 354.863.388 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 18.335.496 | 3.312.928 | 2.279.750 | 460.898 | 23.490 | 8.941.812 | 0 | | 33.354.374 | 46.195.664 |
| Viðskiptareikningar sjóða | 150.849.907 | 34.937.712 | 0 | 12.521.578 | 7.910 | 3.165.837 | 0 | (201.482.945) | 0 | 0 |
| Handbært fé | 35.156.075 | 184.227.719 | 88.349.422 | 1.411.943 | 50.136.631 | 0 | 12.037.391 | | 371.319.181 | 527.195.702 |
| | 371.507.051 | 433.554.418 | 153.105.309 | 14.394.419 | 50.168.031 | 12.107.649 | 12.037.391 | (201.482.945) | 845.391.324 | 928.254.754 |
| **Eignir samtals** | 2.433.760.169 | 6.141.288.376 | 2.077.981.113 | 3.032.667.582 | 279.161.404 | 12.284.401 | 154.011.624 | (201.482.945) | 13.929.671.724 | 13.363.280.409 |

## SAMANDREGINN EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

| | Félags-sjóður | Sjúkra-sjóður | Orlofs-sjóður | Vinnudeilu-sjóður | Fræðslu-sjóður | Endur hæfingar-sjóður | Styrktar sjóður-Eflingar | Milli-færslur | Samstæða 31.12.2021 | Samstæða 31.12.2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | | | | | | |
| **Eigið fé** | | | | | | | | | | |
| Sérstakur endurmatsreikningur | 0 | 0 | 258.085.039 | 0 | 0 | 0 | 0 | | 258.085.039 | 253.560.460 |
| Óráðstafað eigið fé | 2.283.018.198 | 5.947.321.116 | 1.733.432.424 | 2.961.971.547 | 204.070.476 | (19.554.854) | 150.453.801 | | 13.260.712.708 | 12.717.602.062 |
| | 2.283.018.198 | 5.947.321.116 | 1.991.517.463 | 2.961.971.547 | 204.070.476 | (19.554.854) | 150.453.801 | 0 | 13.518.797.747 | 12.971.162.522 |
| **Skuldbindingar** | | | | | | | | | | |
| Reiknaður fjármagnstekjuskattur | 34.746.773 | 128.378.038 | 2.602.984 | 69.221.783 | 2.098.649 | 0 | 0 | 0 | 237.048.227 | 211.439.415 |
| | 34.746.773 | 128.378.038 | 2.602.984 | 69.221.783 | 2.098.649 | 0 | 0 | 0 | 237.048.227 | 211.439.415 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | | | | | | |
| Ógreiddur rekstrarkostnaður | 104.518.689 | 39.939.500 | 13.733.056 | 188.947 | 3.439.060 | 12.006.498 | 0 | | 173.825.750 | 180.678.472 |
| Viðskiptareikningar sjóða | 11.476.509 | 25.649.722 | 70.127.610 | 1.285.305 | 69.553.219 | 19.832.757 | 3.557.823 | (201.482.945) | 0 | 0 |
| | 115.995.198 | 65.589.222 | 83.860.666 | 1.474.252 | 72.992.279 | 31.839.255 | 3.557.823 | (201.482.945) | 173.825.750 | 180.678.472 |
| | 150.741.971 | 193.967.260 | 86.463.650 | 70.696.035 | 75.090.928 | 31.839.255 | 3.557.823 | (201.482.945) | 410.873.977 | 392.117.887 |
| **Eigið fé og skuldir alls** | 2.433.760.169 | 6.141.288.376 | 2.077.981.113 | 3.032.667.582 | 279.161.404 | 12.284.401 | 154.011.624 | (201.482.945) | 13.929.671.724 | 13.363.280.409 |

## STJÓRN EFLINGAR-STÉTTARFÉLAGS 2021–2022

**Formaður**
Sólveig Anna Jónsdóttir

Agnieszka Ewa Ziółkowska,
formaður frá nóvember 2021

**Varaformaður**
Agnieszka Ewa Ziólkowska

Ólöf Helga Adolfsdóttir,
varaformaður frá nóvember 2021

**Ritari**
Ólöf Helga Adolfsdóttir

**Gjaldkeri**
Eva Ágústsdóttir

**Meðstjórnendur**
Daníel Örn Arnarsson
Felix Kofi Adjahoe
Guðmundur Baldursson
Innocentia Fiati
Jóna Sveinsdóttir
Kolbrún Valvesdóttir
Michael Bragi Whalley
Saviour De-Graft Ametefio
Stefán E. Sigurðsson
Úlfar Snæbjörn Magnússon
Zsófía Sidlovits

# STJÓRNIR SJÓÐA OG NEFNDA EFLINGAR-STÉTTARFÉLAGS 2021–2022

## FRÆÐSLUSJÓÐUR

**Aðalmenn**

| | |
|---|---|
| Agnieszka Ewa Ziólkowska, formaður | Stjórn |
| Úlfar Snæbjörn Magnússon, varaform. | Stjórn |
| Ólöf H. Adolfsdóttir | Stjórn |
| Innocentia F. Friðgeirsdóttir | Stjórn |
| Michael Bragi Whalley | Stjórn |

**Varamenn**

| | |
|---|---|
| Hólmfríður Vigdís Sævarsdóttir | Trúnaðarráð |
| Kristján Benediktsson | Trúnaðarráð |

## SJÚKRASJÓÐUR

**Aðalmenn**

| | |
|---|---|
| Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður | Stjórn |
| Agnieszka Ewa Ziólkowska, formaður | Stjórn |
| Daníel Örn Arnarson | Stjórn |
| Kolbrún Valvesdóttir | Stjórn |
| Ragnar Ólason | Trúnaðarráð |

**Varamenn**

| | |
|---|---|
| Barbara Maria Sawka | Trúnaðarráð |
| Alma Pálmadóttir | Trúnaðarráð |

## ORLOFSSJÓÐUR

**Aðalmenn**

| | |
|---|---|
| Guðmundur J. Baldursson, formaður | Stjórn |
| Magdalena Kwiatkowska, varaform. | Trúnaðarráð |
| Aðalgeir Björnsson | Trúnaðarráð |
| Tabit Lakhdar | Trúnaðarráð |
| Katrín Phumipraman | Trúnaðarráð |

**Varamenn**

| | |
|---|---|
| Ruth Adjaho Samúelsson | Trúnaðarráð |
| Hörður Aðalsteinsson | Trúnaðarráð |

## VINNUDEILUSJÓÐUR

**Aðalmenn**

| | |
|---|---|
| Eva Ágústsdóttir, formaður | Stjórn |
| Andrea Jóhanna Helgadóttir, varaform. | Trúnaðarráð |
| Jóna Sveinsdóttir | Stjórn |
| Þorsteinn M. Kristjánsson | Stjórn |
| Valtýr B. Thors | Trúnaðarráð |

**Varamenn**

| | |
|---|---|
| Felix Kofi Adjahoe | Stjórn |
| Stefán E. Sigurðsson | Stjórn |